Takk fyrir okkur Erró!

Það voru stór tíðindi í íslensku menningarlífi árið 1989 þegar Reykjavíkurborg tók við einstakri listaverkagjöf frá myndlistarmanninum Erró. Af rausnarskap og framsýni færði hann borginni um 2000 listaverk eftir sig. Sum þeirra voru máluð til að prýða sýningarstað sem þá var fyrirhugaður á Korpúlfsstöðum. Í tímans rás þróaðist hugmyndin í þá átt að finna Listasafni Reykjavíkur stað í Hafnarhúsinu ásamt gjöf listamannsins. Árið 2000 var safnið formlega opnað í húsinu en þar með hófst landnám menningar og mannlífs í átt að hafnarsvæðinu.

Errósafnið hefur vaxið jafnt og þétt og telur nú nákvæmlega 4.587 málverk, vatnslitamyndir, grafíkverk, skúlptúra, klippimyndir og önnur listaverk sem spanna feril listamannsins allt frá æskuárum. Auk verkanna fylgir gjöfinni ríkulegt safn einkabréfa og annarra gagna sem snerta listferil hans og hafa mikið gildi fyrir rannsóknir sem snerta Erró og samtíma hans. Allt þetta efni er grunnur þeirrar stórkostlegu og yfirgripsmiklu sýningar sem nú er í safninu undir titlinum *Sprengikraftur mynda*.

Erró, er tvímælalaust einn þekktasti listamaður Íslendinga. Hann hefur verið kraftmikill þátttakandi í evrópsku listalífi – tók þátt í framúrstefnu menningarlífsins á umbrotatímum. Hann hefur alltaf verið tilraunagjarn og fengist við ýmiss konar listform, svo sem gjörningalist og tilraunakvikmyndagerð auk málaralistar og varð brátt einn af forvígismönnum popplistarinnar í Evrópu. Listaverkin í eigu Reykjavíkurborgar endurspegla þennan kraftmikla feril eins og sjá má á sýningunni.

Það er einstakt að heimsækja Erró á vinnustofu hans í París. Það er hans heimavöllur. En þó Erró hafi búið í París í rúm sextíu ár þarf maður ekki ekki að ræða lengi við hann til að finna að Ísland á hjarta hans og Erró kemur reglulega heim, bæði til að sýna en einnig til að heimsækja vini og ættingja. Sýningar úr safni Errós eiga fastan sess í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi þar sem sjónum er beint að ólíkum áherslum í verkum hans. Sýningarnar eru alltaf sérstaklega vel sóttar og sýnir sú mikla athygli sem þær vekja ekki síður hlýhug til listamannsins en áhuga á list hans. Þegar Erró sjálfur er viðstaddur opnanir er eins og rokkstjarna sé mætt– raðir myndast af áhugasömum gestum og listamaðurinn áritar allt frá bolum til veggspjalda eða bara handleggja.

Erró hefur alltaf haft það viðhorf að listin eigi að vera aðgengileg. Hann hefur bæði gert fjöldann allan af verkum víða um heim en einnig útfært verk fyrir almannarými eins og veggmyndir sem setja svip sinn á Breiðholtið.

Fyrir hönd Reykvíkinga vil ég nota tækifærið og þakka Erró fyrir hans rausnarlegu og góðu gjafir.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Vantar ensku Treasure

Það voru stór tíðindi í íslensku menningarlífi árið 1989 þegar Reykjavíkurborg tók við einstakri listaverkagjöf frá myndlistarmanninum Erró. Af rausnarskap og framsýni færði hann borginni um 2000 listaverk eftir sig. Sum þeirra voru máluð til að prýða sýningarstað sem þá var fyrirhugaður á Korpúlfsstöðum. Í tímans rás þróaðist hugmyndin í þá átt að finna Listasafni Reykjavíkur stað í Hafnarhúsinu ásamt gjöf listamannsins. Árið 2000 var safnið formlega opnað í húsinu en þar með hófst landnám menningar og mannlífs í átt að hafnarsvæðinu.

Errósafnið hefur vaxið jafnt og þétt og telur nú nákvæmlega 4.587 málverk, vatnslitamyndir, grafíkverk, skúlptúra, klippimyndir og önnur listaverk sem spanna feril listamannsins allt frá æskuárum. Auk verkanna fylgir gjöfinni ríkulegt safn einkabréfa og annarra gagna sem snerta listferil hans og hafa mikið gildi fyrir rannsóknir sem snerta Erró og samtíma hans. Allt þetta efni er grunnur þeirrar stórkostlegu og yfirgripsmiklu sýningar sem nú er í safninu undir titlinum **Sprengikraftur mynda**.

Erró, er tvímælalaust einn þekktasti listamaður Íslendinga. Hann hefur verið kraftmikill þátttakandi í evrópsku listalífi – tók þátt í framúrstefnu menningarlífsins á umbrotatímum. Hann hefur alltaf verið tilraunagjarn og fengist við ýmiss konar listform, svo sem gjörningalist og tilraunakvikmyndagerð auk málaralistar og varð brátt einn af forvígismönnum popplistarinnar í Evrópu. Listaverkin í eigu Reykjavíkurborgar endurspegla þennan kraftmikla feril eins og sjá má á sýningunni.

Það er einstakt að heimsækja Erró á vinnustofu hans í París. Það er hans heimavöllur. En þó Erró hafi búið í París í rúm sextíu ár þarf maður ekki ekki að ræða lengi við hann til að finna að Ísland á hjarta hans og Erró kemur reglulega heim, bæði til að sýna en einnig til að heimsækja vini og ættingja. Sýningar úr safni Errós eiga fastan sess í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi þar sem sjónum er beint að ólíkum áherslum í verkum hans. Sýningarnar eru alltaf sérstaklega vel sóttar og sýnir sú mikla athygli sem þær vekja ekki síður hlýhug til listamannsins en áhuga á list hans. Þegar Erró sjálfur er viðstaddur opnanir er eins og rokkstjarna sé mætt– raðir myndast af áhugasömum gestum og listamaðurinn áritar allt frá bolum til veggspjalda eða bara handleggja.

Erró hefur alltaf haft það viðhorf að listin eigi að vera aðgengileg. Hann hefur bæði gert fjöldann allan af verkum víða um heim en einnig útfært verk fyrir almannarými eins og veggmyndir sem setja svip sinn á Breiðholtið.

Fyrir hönd Reykvíkinga vil ég nota tækifærið og þakka Erró fyrir hans rausnarlegu og góðu gjafir.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



mjög lítil mynd
er hún til stærri
betri gæðum?

REYKJAVÍKUR ART MUSEUM
LISTASAFN
HAFNARHÚS

mynd?
af verki eða....?



Rauði þráðurinn hjá Erró

Við hjónin, Danielle Kvaran og Gunnar B. Kvaran, kynntumst Erró í lok áttunda áratugarins þegar Gunnar skrifaði Maîtrise-ritgerð um verk hans við háskólann í Aix-en-Provence þar sem við vorum bæði við nám. Erró var, eins og alltaf, örlátur á tíma og heimildir sem gerði undirbúningsvinnuna mjög ánægjulega. Allt frá þessum tíma höfum við umgengist hvort annað.

Eftir að Gunnar varð forstöðumaður Kjarvalsstaða, sem síðar varð að Listasafni Reykjavíkur, var Erró boðið að sýna verk sín á Kjarvalsstöðum. Við opnun sýningarinnar var tilkynnt að Erró hefði gefið Reykjavíkurborg veglega listaverkagjöf eigin verka, án nokkurra skilyrða. Þá fór af stað nokkurra ára ferli sem endaði með opnun Listasafns Reykjavíkur og Errósafns í Hafnarhúsinu á Evrópska menningarárinu árið 2000.

Í mörg ár fylgdist ég með Erró og listsköpun hans úr fjarlægð þar til Daniel Abadie, forstöðumaður Jeu de Paume listasafnsins í París bað mig um að skrifa krónológíu Errós í sýningarskrá í tengslum við sýningu hans í safninu árið 1999. Í framhaldi af því fór Listasafn Reykjavíkur þess á leit við mig að ég skrifaði bók um listamanninn sem fékk titilinn *Erró í tímaröð*. Árið 2008 var ég síðan ráðin verkefnastjóri Errósafns, sem er deild í Listasafni Reykjavíkur. Allt frá þeim tíma hef ég átt í mjög fjölbreyttu og gefandi samstarfi við Erró. Síðastliðna tvo áratugi höfum við rætt saman, stuttlega, næstum daglega. Ég spyr hann um ýmis atriði tengd lífi hans og list og geri honum grein fyrir því sem varðar starf mitt í Errósafninu. Allar sýningarnar eða önnur verkefni sem ég hef staðið fyrir í Listasafni Reykjavíkur hef ég unnið í nánu samstarfi við hann.

Ég heimsæki Erró reglulega á vinnustofu hans í París til að sjá að hverju hann er að vinna í list sinni og fá yfirlit yfir hans fjölmörgu verkefni. Þá hef ég einnig heimsótt hann á Formentera á Spáni og til Bangkok í Tælandi þar sem hann hefur dvalið hluta ársins allt frá árinu 1973. Þannig hef ég kynnst þeim ólíku stöðum sem hafa haft áhrif á Erró. Erró er óvenjulega vinnusamur og hann hefur iðulega mörg járn í eldinum, hvort sem um er að ræða sýningar, listaverk í opinberu rými víðsvegar um heiminn, útgáfu listaverkabóka, framleiðslu grafíkverka eða annars. Í París förum við gjarnan saman á sýningar og svo endum við oftast á veitingahúsi, en eins og margir vita er Erró mikill smekkmaður á mat og sérstaklega vín. Hann er afar félagslyndur og hefur gaman af því að umgangast fólk eftir afkastamikinn dag. Hann hefur verið duglegur að kynna mig fyrir vinum sínum, bæði listamönnum, galleríistum og safnafólki víðsvegar að úr heiminum. Starf mitt með Erró og Listasafni Reykjavíkur hefur orðið til þess að ég hef oft tekið þátt í ýmsum sýningum Errós annars staðar.

Almennt séð er samstarf okkar Errós fremur afslappað en árangursríkt. Hann er fljótur að hrífast, einkum af því nýja, fljótur til að taka ákvarðanir og framkvæma. Hann er í eðli sínu afar jákvæður, líkt og í sambandi við gerð sýninganna í Listasafni Reykjavíkur. Hann er athugull og virkur þátttakandi, á sinn hátt, og hikar ekki við að gefa safninu verk sem honum finnst passa inn í safneignina til að styrkja safnið.

Við undirbúning sýningarinnar nú sem staðið hefur í tvö ár, jafn lengi og heimsfaraldurinn, hafa fáir vinnufundir verið haldnir hjá Erró í París. Aftur á móti hefur því meira verið talað í síma þar sem Erró ekki mikill tölvumaður, þó svo hann viti margt og mikið um þau fræði. Erró hefur ferðast mun minna eða næstum ekki neitt síðastliðin tvö ár. Hann fór ekki til Tælands að grimmileg viðfangsefnin verða þolanlegri, misgengi verður til og merkingin verður enn margbreytilegri. Málverk hans fjalla um samtíma okkar, en þó öllu fremur um þær myndir sem eru alltumlykjandi í daglegu lífi okkar og sem miðla okkur fjarlægum veruleika.

maður og fullur af gálgahúmor en ekki síst er hann hafsjór af þekkingu á myndlist og listasögunni almennt. Hann hefur reynt mikið og margt í gegnum ævina og kynnst ógrynnum af athyglisverðu og óvenjulegu fólki. Á löngum ferli hefur hann kynnst fjölda listamanna og hópum eins og súrrealistunum, *Les Nouveau Realistes* og *La Figuration Narrative* í París og popplistamönnunum í New York. Hann á margar fróðlegar og skemmtilegar sögur upp í erminni auk þess sem hann er einstaklega góður sögumaður eins og sjá má í verkum hans. Erró er frásagnarmálari og sögur hans eru óborganlegar. Eins og fram kemur á þessari sýningu hefur Erró klippt saman og málað sögur um allt milli himins og jarðar. Vísindi og tæknilegar uppgötvanir, vísindaskáldskap, listir og menningu og svo hefur hann einnig túlkað fyrir okkur heimsmálin í verkum sínum. Í hvert skipti sem frelsi einstaklingsins er skert, sjálfstæði lands og þjóða er fótum troðið, bregst Erró við í verkum sínum með hneykslan og vanþóknun. Alþjóðastjórnmál eru rauði þráðurinn í veraldarsögu Erró.

Segja má að Erró sé virkur áhorfandi og fjalli á gagnrýnan hátt um atburði líðandi stundar. Hann dregur þó ekki upp mynd af sögunni í eiginlegri merkingu: Skáldskapurinn í verkum hans sækir efnivið í raunveruleikann og ýtir honum jafnvel stundum til hliðar og hefur frásögnina upp á annað, fjarlægara og óhlutbundnara plan. Þar skiptir oft sköpum notkun hans á teiknimyndapersónum og hetjum sem bregða sér oft í líki þess sem um er fjallað. Skopskynið og háðið verður þannig til þess

Danielle Kvaran,
verkefnastjóri Errósafns.



REYKJAVÍKUR ART MUSEUM
LISTASAFN
HAFNARHÚS

The Crux of Erró

My husband and I, Danielle and Gunnar B. Kvaran, met Erró at the end of the seventies, when Gunnar was writing a Maîtrise-thesis about his works at the university in Aix-en-Provence, where we were both studying. As is his wont, Erró was generous with his time and resources, which made the groundwork very enjoyable. Ever since, we have seen each other regularly.

When Gunnar became director at Kjarvalsstaðir, which later became Reykjavík Art Museum, Erró was invited to display his work at Kjarvalsstaðir. On opening day, it was announced that Erró had donated a large collection of his own works to the city of Reykjavík, without any conditions. This was the start of a few years process that resulted in the opening of Reykjavík Art Museum and the Erró collection in Hafnarhúsið during the European Culture Year 2000.

For years, I watched Erró and his creations from afar, until Daniel Abadie, the director of Jeu de Paume in Paris asked me to write Erró's chronology in a catalogue accompanying his exhibition at the museum in 1999. Following this, Reykjavík Art Museum wanted me to write a book about the artist, entitled *Erró Chronologie*. In 2008, I was appointed project manager of the Erró collection, a department of Reykjavík Art Museum. Since then, my collaboration with Erró has been diverse and very rewarding. For the last two decades we have spoken, briefly, almost every day. I ask him about various things regarding his life and art or tell him about my work concerning the Erró collection. For all exhibitions or other projects I have worked on at Reykjavík Art Museum, I have collaborated closely with him.

I regularly visit Erró in his studio in Paris to see what he is working on and get an overview of his numerous projects. I have also visited him in Formentera in Spain and in Bangkok, Thailand, where he has stayed for a part of each year since 1973, thus getting to know different places that have influenced Erró. He is unusually industrious and usually has many projects going at once, be it exhibitions, art in public spaces all around the world, publishing art books, producing graphic works or something else. In Paris we often attend exhibitions together and normally end up going to a restaurant, but as many know, Erró is a great connoisseur of food and, in particular, wine. He is extremely sociable and enjoys meeting people after a busy day. He has introduced me to many of his friends, artists, gallery people and museum staff from around the world. My work with Erró and Reykjavík Art Museum has led me to participating in many Erró exhibitions elsewhere.


In general, the partnership between Erró and me is rather relaxed but effective. He is quickly enchanted, particularly by new things, quick to make up his mind and act. He is a very positive person, like when creating the exhibitions at Reykjavík Art Museum. He is an attentive and dynamic participant, in his way, and doesn't hesitate to donate an artwork to the museum if he thinks it'll strengthen the collection.

This exhibition now has been two years in the making, as long as the pandemic has lasted, and there have been few work meetings with Erró in Paris. However, we have spoken at length on the phone, as Erró is not a great one for computers, although he knows a lot about them. Erró has travelled much less, or hardly at all, for the last two years. He didn't go to Thailand like he normally does every year. He has spent a lot of time on his own in the studio in Paris and has made good progress in his art creation. Also, he has not been completely isolated because in early 2020, he attended the opening of an exhibition of his own new works at Galerie Laurent Strouk in Paris, where many of his closest friends joined him.

Erró is an especially cheerful and entertaining man with a ton of very black humour, and last but not least he is a fountain of knowledge regarding art and art history. He has experienced a lot in his life and met a myriad of interesting and unusual people. In his long career, he has become acquainted with artists and groups like the Surrealists, *Les Nouveau Realistes* and *La Figuration Narrative* in Paris, and pop-artists í New York. He knows a lot of enlightening and amusing stories and is an expert storyteller, as visible by his work. Erró is a narrative painter and his stories are priceless. As evident in this exhibition, Erró has made collages and paintings about everything under the sun. Science and technical discoveries, science fiction, art and culture, and he has also interpreted world issues in his works. Every time individual freedom takes a hit, or an independent nation is oppressed, Erró reacts with shock and disapproval in his art. International politics is the crux of his world history.

Erró can be considered an active viewer who critically discusses current events. However, he does not paint a picture of history in an intrinsic sense: The fiction in his works is based on real events and sometimes pushes reality aside, raising the narrative to a different, more distant and more abstract plan. For this, his use of comic book characters and heroes who take on the shape of his subject, is crucial. His sense of humour and sarcasm makes the cruelty of the topic more bearable, creating a fault and an even more diverse meaning. His paintings discuss the present, but even more to the point, they revolve around the images that surround us in daily life and communicate distant realities to us.

Danielle Kvaran,
project manager, Erró collection



Ég ætla að verða myndlistamaður eins og Erró!

Ari Alexander Ergis Magnússon, kvikmyndagerðarmaður, segir frá kynnum sínum af Erró.

Ég kynntist Erró í draumi. Ég var mikið hjá ömmu minni sem barn. Amma var kúltíveruð kona sem fór með mig á allar sýningar og opnanir. Hún kenndi mér að vera með opinn huga.

Ég átti ósýnilegan vin í kjallaranum sem hafði fylgt mér frá því ég man fyrst eftir mér. Ég sagði ömmu frá honum og hún spurði hvað hann gerði. Hann er geimfari, sagði ég. Hún kippti sér ekkert upp við þetta, í fjölskyldu minni er mikið af skapandi fólki og þar þykja hlutir sem aðrir myndu skilgreina sem geðveiki nokkuð eðlilegir. Um 10 ára aldur er ég mjög upptekin af þessum geimfara, kannski litaðist það að einhverju leyti af Rússa- eða Sovétgrýlunni og kjarnorkuvánni. Geimfarinn gæti mögulega flúið þessar ógnir. Þetta var 1978 og þá er Erró með stóra sýningu á Kjarvalsstöðum þar sem hann sýnir Geimfaraseríuna. Þegar ég sá verkin var eins og himnarnir opnuðust fyrir mér og ég sagði við ömmu: Þetta er það sem ég er að tala um! Ég ætla að verða myndlistarmaður eins og Erró. Ári síðar deyr amma mín, hún hnígur niður fyrir framan mig þar sem við erum stödd saman á kvikmyndahátíð á Hótel Loftleiðum. Svo var það ókunnur maður sem ók mér heim og ég var sannfærður um að þarna hefði geimfarinn minn bjargað mér.

Svo gerist alls konar í mínu lífi – þar til að ég þá tvítugur fer til Parísar í myndlistarnám. Þar settist ég á kaffihús með bandarískri vinkonu minni og sé Erró labba framhjá. Ég segi: Þarna er frægasti myndlistarmaður Íslands, eiginlega maðurinn sem er ástæðan fyrir því að ég er hér. Þá segir hún: Þekkirðu hann ekki, þið eruð svo fá á Íslandi! Ég hljóp á eftir honum og elti hann inn í litla verslun. Þegar ég var búinn að ná andanum þá kynnti ég mig fyrir honum og sagði honum að ég væri að læra myndlist og langaði til að koma til hans á vinnustofuna. Hann tók mér strax vel, hann er svo hlýr og það er það sem ég elska svo við Erró. Hann sagði mér að hafa samband eftir þrjá mánuði, þá kæmi hann tilbaka frá Tælandi, þangað væri hann að fara daginn eftir. Hann lét mig hafa númerið sitt og svo kvöddumst við.

Eftir þrjá mánuði hringdi ég. Ég þekki engan sem er orðstyttri í síma en Erró en það sama á ekki við þegar þú ert með honum. Ég fer að fara á vinnustofuna til hans og svo fer hann að bjóða mér með sér á opnanir, benda mér á allskonar hluti og leiðbeina mér. Hann gengur mér að einhverju leyti í föðurstað en ávallt talaði hann við mig eins og jafningja.

Ég heimsæki Erró í hvert sinn sem ég fer til Parísar og þá er alltaf sama rútínan. Ég fer á vinnustofuna rétt fyrir klukkan sjö og svo förum við alltaf á sama veitingastaðinn. Við fáum okkur einn drykk á bar áður og svo borðum við og fáum okkur smá rauðvín. Ef það er eitthvað til að fagna þá fáum við okkur einn lítinn calvados. Síðan er hann farinn heim um klukkan níu.

Eitt sem einkennir Erró er þessi mikli dugnaður og vinnusemi. Auðvitað kemur eitthvað gott út úr því þegar listamaður fer á vinnustofu sína á hverjum degi og vinnur í marga klukkutíma, áratugum saman. En Erró útskýrir velgengni sína einnig með heppni. Hann sé svo heppinn. Hann er meira að segja svo heppinn að hann vann einu sinni í franska lottóinu!

I Am Going to Be an Artist like Erró!

Filmmaker Ari Alexander Ergis Magnússon talks about his acquaintance with Erró.

I met Erró in a dream. As a child, I spent a lot of time with my grandmother. She was a cultivated woman who took me to all exhibitions and openings. She taught me to keep an open mind.

I had an invisible friend in the basement that had been with me since I first remember. I told my grandmother about him, and she asked me what he did for a living. He is an astronaut, I said. She did not find this odd, there is a lot of creative people in my family and what might pass for insanity with others is considered quite normal with us. Around the age of ten, I was very preoccupied with this astronaut, maybe this was influenced by the Soviet threat and nuclear danger. The astronaut could possibly escape all that. This was in 1978, Erró had a great exhibition at Kjarvalsstaðir where he displayed his Astronaut series. When I saw the works, it was like the sky had opened up to me, I said to my grandmother: This is what I am talking about! I am going to be an artist like Erró. My grandmother died a year later, collapsed in front of me at a film festival at Hótel Loftleiðir. I was taken home by a man I didn't know, I was convinced it was my astronaut who had saved me.

A lot of things happen in my life – until I am twenty and went to Paris to study art. I was sitting in a café with a friend from USA, and I see Erró walking past. I say: This is the most famous artist in Iceland, the very reason for my being here! She says: Don't you know him, there are so few of you Icelanders. I ran after him and followed him into a small shop. When I caught my breath, I introduced myself and told him I was studying art and that I wanted to visit him in his studio. He was incredibly kind, he is such a warm person, that's what I love about Erró. He told me to contact him in three months, then he'd be back from Thailand, where he was travelling to the next day. He gave me his number and we said goodbye.

After three months, I called him. I don't know anyone who is as taciturn on a phone as Erró, but the same does not apply when you are in his presence. I start visiting him in the studio and then he starts inviting me to openings, pointing out various things, guiding me. In a way, he treated me like a son but he always spoke to be like an equal.

I visit Erró every time I go to Paris, and our routine is always the same. I go to the studio just before seven and we always go to the same restaurant. We have one drink in a bar before and then eat and drink a little red wine. If there is something to celebrate, we'll have a shot of calvados. He then goes home around nine.

One of Erró's characteristics is his great energy and diligence. Of course, something good is going to happen when an artist goes to his studio every day and works for hours, decades on end. But Erró also ascribes his success to good luck. He is such a lucky man. He even once won the French lottery!



REYKJAVÍKUR ART MUSEUM
LISTASAFN
HAFNARHÚS



mynd?
af verki eða....?

Hnausþykkar klippimyndir áhrifaríkastar

Jóhann Ludwig Torfason, myndlistarmaður og eigandi Hjarta Reykjavíkur, starfaði um árabil í Listasafni Reykjavíkur og hengdi upp ófáar Erró sýningar. Hann segir að Erró hafi haft mikil áhrif á sig.

Ég var að rifja það upp að ég fór í viðtal um eina af mínum allra fyrstu sýningum, kannski árið 1994, og þar segi ég að mér þyki Erró frábær en ég viti það að hann sé ekki inni í myndlistarelítunni, en fyrir mér sé hann frábær og ég sé ekkert feiminn við að viðurkenna það. Þannig að strax þá er hann orðinn mjög nálægur. Hann hefur alltaf verið mjög nálægt mér. Ég hef farið á sýningar síðan ég var lítill krakki, þá með foreldrum mínum. Mér eru minnisstæðar nokkrar sýningar, t.d. í Norræna húsinu þar sem hann sýndi *Japönsku ástarbréfin* sem ég varð alveg hugfanginn af. Ég hreifst af öllum þessum ósköpum, þessu multi-dæmi, hvað þetta er allt mikið, hryllilega mikið af dóti! Það var ekki fyrr en seinna sem ég fattaði að Erró er svona myndlistarmaður sem maður þarf ekkert að eiga einhver uppáhaldsverk eftir, heldur er þetta meira bara heildin. Þessi tilhneiging hans til þess að reyna að fylla heiminn af myndum, það er í raun og veru verkið hans, hvað hann er búinn að gera mikið. Þetta er bara eitt verk, ef út í það er farið, það er konseptið. Að gera nógu mikið í hvert eintak og nógu mikið af eintökum. Alger maximalisti.

Ég kynntist Erró betur þegar ég fór að vinna á safninu. Þar var hann alltumlykjandi, sérstaklega eftir að við opnuðum Hafnarhúsið um aldamótin. Ég held að ég hafi engan vitað jafn nálægan og alltumlykjandi án þess að vera á staðnum, eins og Erró – hann var einhvern veginn inni í okkur öllum.

Mín sterkasta upplifun af honum er þó þegar ég vann við að taka upp pakka frá honum í safninu. Það reyndust vera þau hnausþykkustu klippimyndabúnt sem ég hafði nokkurn tímann séð á ævinni. Þá fattaði ég hvað hann er rosalegur! Þessar myndir eru svo massaðar, þær eru þungar! Þetta var sterk upplifun. Þarna sannfærðist ég um það að málverkin væru nánast daufur eftirómur af klippimyndunum. Þær eru verkin, aðalstöffið. Alveg hryllilega djúsí!

Ég hitti Erró annað slagið, þegar hann kom hingað. Svo var ég svo heppinn þegar ég var að vinna við uppsetningu á verkinu hennar Gabríelu Friðriksdóttur á Feneyjatvíæringnum árið 2005. Eftir sýningaropnunina er ég einn á rölti um sýningarsvæðið og hitti Erró. Hann kannaðist eitthvað við mig og bauð mér að setjast með sér á bekk – hann væri orðinn lúinn og þyrfti að hvíla sig. Það var svakalega heitt þarna, man ég. Við settumst og spjölluðum saman um sýningarnar og það sem við höfðum séð, í svona góðan hálftíma. Á meðan var straumur af fólki sem fór framhjá okkur og margir þekktu hann og gáfu sig á tal við hann. Flestir töluðu við hann á frönsku en ég skildi ekki neitt. Svo hnippti hann í mig og sagði glettinn að allir væru að spyrja hvort ég væri sonur hans! Það var ekkert fjarri lagi þarna, ég var búinn að vita af honum og þekkja hann alla tíð, án þess að vera eitthvað nátengdur honum. Kannski svolítið týpískt samband föður og sonar á þessum tíma.

Þegar þú talar um að Erró hafi ekki verið inni í hringiðu myndlistar hér á landi, hvað áttu þá við?

Ég held að það sé enn þannig að einhverju leyti, hann er á jaðrinum í almennri umræðu um íslenska myndlist innan myndlistargeirans. Hann er auðvitað stór og það vita það allir, nánast með sitt eigið prívat safn hérna heima og þennan rosalega feril, en það er mín tilfinning að hann fái ekki að vera með. Hann sé ekki hluti af senunni. Það kannski helgast helst af því að hann hefur verið svona lengi úti en ég held líka að myndlistin hans hafi aldrei notið sannmælis á Íslandi, þessi popp-kúltúr. Senan kokgleypti öngulinn sem hét flúxus, eftir að abstraktinni sleppti, og hefur bara setið föst þar. Ekki einu sinni súrrealismi hefur náð fótfestu á Íslandi ef maður spáir í það. Það er bara flúxus, hart konsept, og mínímalismi auðvitað. Það er eins og Íslendingar hafi fengið útrás fyrir frásögnina í bókmenntunum og síðan í kvikmyndum, en myndlistin hefur aldrei verið þessi frásagnarmiðill að því marki sem Erró hefur þróað. Þannig að hann stendur dálítið einn og án samhengis hér á landi.

mynd?
jói Torfa ...



mynd af netinu ekki nógu stór, ...

Very Thick Collages Extremely Powerful

Artist Jóhann Ludwig Torfason worked for many years at Reykjavík Art Museum and installed numerous Erró exhibitions. He claims to have been greatly influenced by Erró.

I was just remembering when I was interviewed about one of my first exhibitions, maybe in 1994, that there I mention that I think Erró is fantastic, I know he's not a part of the art elite but I think he's fabulous and I'm not afraid to admit it. Even then, he was very close to my heart, he always has been. I have been attending exhibitions since I was a kid, then with my parents. I remember some very memorable ones, for example in the Nordic House where he displayed the Japanese Love Letters which I found completely captivating. I was so impressed with this exuberance, this multi-thing, how much there is, an awful lot of stuff! It wasn't until later that I realised that Erró is an artist you don't need to have any favourite works by, it's more to do with just all of it. His inclination to try and fill the world of images, that is his actual work, the magnitude of it. When you think about it, this is all just one work, the concept. To enrich each work enough and make plenty of copies. A total maximalist.


I got to know Erró better when I started working at the museum. There, he is all-encompassing, particularly since the opening of Hafnarhús at the turn of the century. I don't think I've ever known anyone to be as close and all-embracing without actually being present as Erró was – he was somehow within all of us.

My strongest experience of Erró, however, comes from when I worked on unwrapping his packages at the museum. They contained the thickest collages I had ever seen. That's when I realised how amazing he is! These images are so solid, they are hefty! This was quite an experience. That's when it dawned on me that the paintings are almost just a faint echo of his collages. They are the works, the real thing. Extremely juicy!

I occasionally met Erró when he came here. Then I struck lucky at the Venice Biennale in 2005 when I was working on Gabríela Friðriksdóttir's installation. After the opening I was wandering around the exhibition area on my own and ran into Erró. He recognised me and invited me to sit down on a bench with him – he was tired and needed a rest. It was an extremely warm day, I recall. We sat and chatted about the exhibitions and what we had seen for over half an hour. Meanwhile, there was a constant stream of people passing us, many knew him and spoke to him, mostly in French and I didn't understand any. He then pinched me and playfully said everyone was asking if I was his son! It wasn't too far off, I had known of him and known him my whole life, without being closely connected. Maybe a typical father-son relationship at the time.

When you say Erró wasn't a part of the art elite in Iceland, what do you mean?

I think it's still like that to some extent, he is on the periphery in general discussion about Icelandic art within the Icelandic art scene. He is of course huge and everybody knows that, he almost has his own private museum here, plus this fantastic career, but even so I always feel he is not included. He is not part of the scene. This may largely be because he has spent such a long time abroad, but I also think his art has never been properly appreciated in Iceland, the pop culture. The Icelandic art scene swallowed the Fluxus movement hook, line and sinker, after abstract was over, and it's been stuck there ever since. Not even Surrealism has made any inroads in Iceland, come to think of it. It's just Fluxus, hard concept, and minimalism, of course. It's like Icelanders have used literature and later movies as an outlet for their storytelling, but fine art has never been a narrative medium here to the extent that Erró has developed it. He is set apart in Iceland, free of context.



Tálkvendi á húsveggjum

Allt frá upphafi ferils síns hefur Erró verið umhugað um að verk hans væru aðgengileg almenningi. Hann hefur sem dæmi gert fjölmargar tilraunir með fjölföldun og yfirfærslu mynda á milli miðla, með prentun, grafík og fleiri aðferðum. Stór þáttur í þessari hugsun eru listaverk hans í almannarými eða á stöðum þar sem fjöldi fólks á leið um. Ýmist eru það verk sem hann skapar sérstaklega fyrir tiltekna staði eða yfirfærir eldri verk í nýtt samhengi. Hér á Íslandi eru nokkur áhugaverð dæmi, en veggmyndir Errós er einnig að finna í Frakklandi og Portúgal. Hann hefur útfært þessi verk sem málverk beint á veggi, sem mósaík eða sem veggflísar þar sem myndirnar eru brenndar inn í leir og þannig hægt að stækka upp allverulega.

Strax árið 1956, þegar Erró dvaldist á Ítalíu, lýsti hann því yfir að list ætti að birtast í almannarými. Á árunum 1957 og 1960 bjó hinn ungi listamaður, þá undir listamannsnafninu Ferró, til mósaík-veggmyndir fyrir iðnskólann í Reykjavík. Myndirnar eru úr íslenskum steini, graníti, líparíti og gabbróí sem er í ótal náttúrulitum. Þær eru táknrænar fyrir hinar ýmsu iðngreinar og má meðal annars sjá hendur að störfum. Erró bjó á þessum árum einnig til verk í svipuðum anda fyrir kirkjur á Hólum og Patreksfirði. Listamaðurinn fluttist ungur búferlum til Parísar og vann þar að list sinni næstu áratugina. Fjölmörg verk urðu til eftir hann í almannarými víða um Evrópu.

Stór opinber listaverk eftir Erró litu dagsins ljós hér á Íslandi eftir aldamótin. Árið 2000 var afhjúpað verkið *Silfurþeysir*, keramikveggmynd í Kringlunni í Reykjavík sem síðar var sett í geymslu vegna breytinga og bíður enn nýs staðar. 2014 vann hann veggmyndir í Breiðholti, annars vegar á íþróttamiðstöðina Austurberg og hinsvegar á gafl fjölbýlishúss við Álftahóla. Saman mynda verkin *Réttlætisgyðjan* og *Frumskógardrottningin* eina heild. Verkið er byggt á samklippi úr teiknimyndasögum sem listamaðurinn hefur fundið og skeytt saman í nýja mynd. Við Álftahóla er veggmyndin af *Réttlætisgyðjunni* máluð á sjö hæða fjölbýlishús sem er u.þ.b. 20 metrar á hæð og 14,5 metrar á breidd. Við gerð verksins var leitað til sérfræðinga frá málaradeild Tækniskólans sem notuðu gamla aðferð við að yfirfæra litlar myndir á risastóran vegg. Efri hluti verksins sést víða að en neðri hlutinn er hálffalinn í húsasundi. Hann sýnir *Frumskógardrottninguna* og er síðan endurtekinn á vegg við íþróttamiðstöðina Austurberg, þar sem hann sést mun betur. Þar er myndin sett upp með sérframleiddum keramikflísum. Gaman er að fara á milli og bera saman myndirnar og ólíka tækni við framsetningu þeirra.

Árið 2016 gerði Erró keramikveggmynd, *Alvogenvíðáttu*, fyrir mötuneyti nýbyggingar Alvogen-lyfjafyrirtækisins í Vatnsmýri í Reykjavík. Á þrjátíu ára afmæli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, 2017, var þar vígt keramíkverk eftir Erró, *Silver Sable*. Verkið er eftirmynd málverks frá árinu 1999 með sama nafni, en hefur hér verið stækkað upp í veggmynd sem er 4,5 metra há og 11 metra breið. Silver Sable er persóna á löngum lista Errós yfir Amasónur og tálkvendi úr teiknimyndaheiminum sem hann fór að vinna með á níunda og tíunda áratugnum. Hún er glæsilegt ólíkindatól, táknmynd um hugrekki, styrk og sjálfstæði, laus undan öllum þeim skyldum og þvingunum sem hefðin hefur sett konum í gegnum söguna og mætir til leiks sem bjargvættur heimsins.

Þau verk sem Erró hefur skapað fyrir utan landsteinana eru mörg og fjölbreytt og verða hér nefnd þau helstu: Árið 1967 tók hann þátt í að mála *Kúbversku samvinnuveggmyndina* í Havana, stóra hringmynd til heiðurs kúbverskubyltingunni og Fidel Castro. Árið 1982 var afhjúpuð hin kynngimagnaða *Tileinkun til teiknimyndasögunnar* í Angoulême, heimkynnum mikillar alþjóðlegrar myndasöguhátíðar. Þar ægði saman öllum helstu teiknimyndapersónum sögunnar í 200 fermetra veggmynd. Á árunum 1987–1988 málaði hann veggmynd í fundarsal ráðhússins í Lille, Frakklandi, tuttugu myndir sem rekja sögu borgarinnar. Árin 1990–1991 vígði Erró tvær veggmyndir, *Vísindamennina* og *Verkfræðingana miklu* í Margmiðlunarbókasafni Vísinda- og tæknisafnsins í París. 1993–1994 málaði hann veggmynd á fjölbýlishúsgafl í Bercy-hverfinu í París. 1995-1997 vann hann að *Tónlistarvíðáttu*, stórri veggmynd fyrir inngang Auditorium des Halles, að beiðni Parísarborgar. Eftir aldamót gerði Erró keramikveggmynd, innblásna af *Vísindaskáldskaparvíðáttu* sinni, fyrir Lista-, viðskipta- og hótelmiðstöðina í Þjóðagarðinum í Lissabon. Árið 2006 vann hann keramikveggmynd, byggða á *Tálkvenda*-röðinni, fyrir framhlið Nýlistasafnsins í Sérignan. 2009 bjó hann til keramikveggmynd með *Tálkvenda*-þemanu fyrir Henri Rol-Tanguy-skólann í Champigny-sur-Marne, Frakklandi.



Femmes Fatales on Walls

From the beginning of his career, Erró has been preoccupied with making his work accessible to the public. He has, for example, experimented greatly with copying and transferring images between media, through print, graphic and other methods. A large part of this is his art in public spaces or in places where many people pass through, either works he creates especially for certain places or transfers older works into a new context. A few interesting examples of this exist in Iceland, but Erró's works can also be found in France and Portugal. He paints them directly onto the walls, or makes mosaic works, or the images are burnt into clay tiles, allowing for considerable enlargement.

Already in 1956, when Erró lived in Italy, he declared his view that art belonged in public spaces. Between 1957 and 1960, the young artist, who then went by artist name Ferró, created mosaic murals for Reykjavík Technical School. The murals are made from Icelandic rock: granite, rhyolite and gabbro, in various natural colours. They represent different trades, you can spot working hands in the images. Around this time, Erró also made similar works for churches at Hólar and Patreksfjörður. The artist then moved to Paris, where he worked on his art for the next decades, creating numerous works in public spaces around Europe.

Large, public works by Erró appeared in Iceland after the turn of the century. In 2000, the work *Silver Surfer,* a ceramic mural, was unveiled at Kringlan in Reykjavík, later stored away because of renovations and still awaits a new home. In 2014, Erró created murals in Breiðholt, at Austurberg Sports Centre and on the gable end of an apartment building at Álftahólar. Together, the works *Goddess of Justice* and *Queen of the Jungle* create a whole. The work is based on a collage of cartoons which the artist has assembled, creating a new image. At Álftahólar, the *Goddess* mural is painted on a seven-floor apartment building, approx. twenty metres tall and fourteen and a half metres wide. When creating the work, Erró got help from painters from the technical college who used an old method to transfer a small image onto a giant wall. The top part of the work can be seen from a far but the lower half is hidden in an alley. This part displays the *Queen of the Jungle*, and is repeated at the sports centre, where it is more visible. There, the image is installed using custom-made ceramic tiles. It is interesting to travel between the two places, comparing the images and the different techniques.

In 2016, Erró created a ceramic mural, *Alvogen Scape*, for the cafeteria in a new building of Alvogen pharmaceutical company in Vatnsmýri, Reykjavík. At the thirtieth anniversary of Leifur Eiríksson Air Terminal in 2017, a new ceramic mural by Erró, *Silver Sable*, was unveiled. This is a replica of a painting with the same name from 1999, but here it's been blown up into a mural, four and a half metres tall and eleven metres wide. Silver Sable is a person on Erró's long list of amazons and femmes fatales from the cartoon world that he started working with in the 1980s and 1990s. She is magnificent and unpredictable, a symbol of courage, strength and independence, free from all duties and constraints that women have traditionally been slaves to. She appears as the saviour of the world.

Works that Erró has created abroad are multiple and diverse and include these: In 1967 he participated in the creation of the *Cuba Colectiva* in Havana, a large spiral mural in honour of the Cuban revolution and Fidel Castro. In 1982, the magical *Homage to the Comic Book* in Angoulême, the home of a great international comic book festival. There, all the major comic book characters converged in a mural of 200 m2. Between 1987 and 1988, he painted a mural at the meeting room of the town hall in Lille, France: twenty images tracing the city's history. In 1990-91, Erró unveiled two murals, *The Scientists* and *The Great Engineers* at the Multimedia Library at the Museum of Science & Technology in Paris. In 1993-94, he painted a mural on the gable end of an apartment building in Bercy, Paris. Between 1995 and 1997, he was commissioned by the city of Paris to create *Music Scape*, a large mural for the entrance of Auditorium des Halles. After the turn of the century, Erró created a ceramic mural, inspired by his *Science Fiction Scape*, for the Art, Business and Hotel Center at the Park of Nations in Lisbon. In 2006, he created a ceramic mural, based on his *Femme Fatale* series, for the front of the Modern Art Museum in Sérignan. In 2009, he did a femmes fatales-themed ceramic mural for Henri Rol-Tanguy School in Champigny-sur-Marne in France.



Sýningar Exhibitions

Hafnarhús
27.01.–20.03.2022
D46 Ásgerður Birna Björnsdóttir: Snertitaug
A Twitch and a Tug

30.10.2021–20.03.2022
Abrakadabra

23.10.2021–27.03.2022
Ferðagarpurinn Erró
Erró the Traveller

10.03.–13.03.2022
Gjörningaþoka
Performance Nebula

texti á bakinu?

Kjarvalsstaðir
29.01.–15.05.2022
Birgir Andrésson: Eins langt og augað eygir
As Far as the Eye Can See

22.01.–08.05.2022
Jóhannes S. Kjarval: Í íslenskum litum
In Icelandic Colours

Ásmundarsafn
15.10.2021–13.02.2022
Carl Boutard og Ásmundur Sveinsson
Gróður jarðar
Budding Earth

26.02.–07.08.2022
Rósa Gísladóttir og Ásmundur Sveinsson
Loftskurður
Spatial Infractions

Hafnarhús
Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
Opið daglega 10–17
Fimmtudaga 10–22
Open daily 10h00–17h00
Thursdays 10h00–22h00

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24, 105 Reykjavík
Opið daglega 10–17
Open daily 10h00–17h00

Ásmundarsafn
Sigtún, 105 Reykjavík
Opið daglega 10–17
Open daily 10h00–17h00

+354 411 6400
listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

Útgefandi Publisher
Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum

Texti Authors
Áslaug Guðrúnardóttir
Halla Margrét Jóhannesdóttir

Þýðing og prófarkarlestur
Translation and proofreading
Ingunn Snædal

Ljósmyndun
Photography
Arnar Steinn Friðbjarnarson
Áslaug Guðrúnardóttir
Guðmundur Oddur Magnússon
Helena Stefáns Magneudóttir
Hildur Inga Björnsdóttir
Vigfús Birgisson

ICELANDAIR
AZTIQ
Arion banki

logo? eiga ice og Arion að vera?

óklárað

AZTIQ

Verslaðu við okkur á netinu!
Look at our webshop!
www.verslun.listasafnreykjavikur.is

Hafnarhús — Walking route
Kjarvalsstaðir — Public Art
Ásmundarsafn — Bus Stops





Sýningar Exhibitions

Hafnarhús
27.01.–20.03.2022
D46 Ásgerður Birna Björnsdóttir: Snertitaug
A Twitch and a Tug

30.10.2021–20.03.2022
Abrakadabra

23.10.2021–27.03.2022
Ferðagarpurinn Erró
Erró the Traveller

10.03.–13.03.2022
Gjörningaþoka
Performance Nebula

Kjarvalsstaðir
29.01.–15.05.2022
Birgir Andrésson: Eins langt og augað eygir
As Far as the Eye Can See

22.01.–08.05.2022
Jóhannes S. Kjarval: Í íslenskum litum
In Icelandic Colours

Ásmundarsafn
15.10.2021–13.02.2022
Carl Boutard og Ásmundur Sveinsson
Gróður jarðar
Budding Earth

26.02.–07.08.2022
Rósa Gísladóttir og Ásmundur Sveinsson
Loftskurður
Spatial Infractions

Hafnarhús
Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
Opið daglega 10–17
Fimmtudaga 10–22
Open daily 10h00–17h00
Thursdays 10h00–22h00

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24, 105 Reykjavík
Opið daglega 10–17
Open daily 10h00–17h00

Ásmundarsafn
Sigtún, 105 Reykjavík
Opið daglega 10–17
Open daily 10h00–17h00

+354 411 6400
listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

Útgefandi Publisher
Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum

Texti Authors
Áslaug Guðrúnardóttir
Halla Margrét Jóhannesdóttir

Þýðing og prófarkarlestur
Translation and proofreading
Ingunn Snædal

Ljósmyndun
Photography
Arnar Steinn Friðbjarnarson
Áslaug Guðrúnardóttir
Guðmundur Oddur Magnússon
Helena Stefáns Magneudóttir
Hildur Inga Björnsdóttir
Vigfús Birgisson

ICELANDAIR AZTIQ Arion banki

texti á bakinu?

logo? eiga ice og Arion að vera?

óklárað

AZTIQ

Verslaðu við okkur á netinu!
Look at our webshop!
www.verslun.listasafnreykjavikur.is

Hafnarhús ■ Walking route
Kjarvalsstaðir ● Public Art
Ásmundarsafn Ⓑ Bus Stops



